



ÁRSSKÝRSLA 2024





SKÓGRÆKTARFÉLAG
EYFIRÐINGA

ÁRSSKÝRSLA 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ávarp framkvæmdastjóra	5
Ávarp formanns stjórnar	6
Starfsfólk Skógræktarfélags Eyfirðinga	9
Félagsstarf, viðburðir og helstu verkefni	10
Hvatningarverðlaun skógræktar	15
Skógarafurðir og framkvæmdir	16
Pistlar Skógræktarfélags Eyfirðinga	18
Ársreikningur 2024	21

Bls.

Umsjón

Rebekka Krístrín Garðarsdóttir

Höfundar efnis

Bergsveinn Þórsson
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir
Ingólfur Jóhannsson
Sigríður Hrefna Pálsdóttir
Sigurður Arnarson

Ljósmyndir

Eyþór Ingi Jónsson
Ingólfur Jóhannsson
Jonas E. Björk
Sigríður Hrefna Pálsdóttir
Bergsveinn Þórsson

Prófarkalestur

Hönnun & umbrot

Prentun

Pétur Halldórsson
Guðrún Hilmissdóttir
— gudrun@liparit.is
Prentsmiðjan.is

Gefið út vor 2025

Framkvæmdastjóri
Formaður

Ingólfur Jóhannsson | ingi@kjarnaskogur.is
Sigríður Hrefna Pálsdóttir | stjorn@kjarnaskogur.is



Inngangur

Skógræktarfélag Eyfirðinga var stofnað 11. maí 1930 og er elsta starfandi skógræktarfélag á landinu. Til stofnfundar boðaði Jón Rögnvaldsson, garðyrkjumaður frá Fífilgerði, og stofnfélagar voru tólf, tvær konur og tíu karlmenn. Félagið hefur vaxið og árið 2024 voru félagsmenn tæplega 400 talsins. Markmið félagsins eru ræktun skóga og verndun þeirra, útivist og náttúruskoðun, að hvetja til útiveru og hreyfingar í skóglendi, náttúruvernd, félagsstarf og fræðsla. Félagið hefur í umsjón sinni 11 skógarreiti sem það hefur átt frumkvæði að því að friða og gróðursetja í. Hver þeirra hefur sína sérstöðu og aðdráttarafl en flaggskipið er Kjarnaskógur við Akureyri og er hann mest sótti skógur félagsins. Aðrir reitir eru í stafrófsröð:

Í landi **Bjarkar** í Eyjafjarðarsveit á félagið um tveggja hektara spildu sem Skógræktarfélag Öngulsstaðahrepps kom á fót árið 1967.

Botnsreitur í Eyjafjarðarsveit er á landi í eigu Akureyrarbæjar. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón með reitnum frá því um 1951. Síðastliðin ár hefur Rótarýklúbbur Akureyrar haft yfirumsjón með svæðinu og lagt á sig talsverða vinnu við að hirða um svæðið.

Garðsárreitur við Þverárgil í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón með reitnum frá friðun árið 1931. Þar hefur birki náð að sá sér úr gílinu og í hinn afgirta reit en einnig hefur bærjarstaðabirki ásamt fleiri tegundum verið gróðursett.

Háls og Saurbær í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá árinu 1994. Þar eru meðal annars reitir sem félagsfólk hefur á leigu.

Hánefsstaðaskógur í Svarfaðardal. Skógræktarfélag

Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1946. Sá skógur hefur verið tengdur með göngubrú við Friðland Svarfdæla handan ár og myndar samfellda útivistarparadís.

Laugalandsskógur á Pelamörk í Hörgársveit.

Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1980. Þar hafa undanfarin ár verið seld jólatré sem fólk velur sjálft í skóginum.

Leyningshólar í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1937. Þar tókst félaginu að bjarga skógarleifum á síðustu stundu og þar er nú einstakur skógur með trjám sem líklega eiga uppruna sinn í trjám sem þar uxu við landnám, auk ræktaðs skógar.

Melgerðismelar í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá árinu 1990. Þar er nú 50 hektara landgræðsluskógur sem setur mikinn svip á landið.

Miðhálsstaðaskógur í Hörgársveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1951. Þar er hinn fegursti skógur með digrum trjám af ýmsum tegundum.

Vaðlaskógur í Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppi. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1936. Þar var land fengið til skógræktar svo Akureyringar og nærsveitamenn þyrftu ekki að ferðast yfir heiðina til að komast í skóg. Gegnir hann því hlutverki enn þótt að honum sé sótt.


Allir eru skógarreitir félagsins opnir öllum almenningi til að njóta þar útivistar í fögru umhverfi. Um þá flesta liggja göngustígar en þeir eru misjafnlega erfiðir yfirferðar.

Hægt er að lesa nánar um skógarreitina á vefsíðu félagsins kjarnaskogur.is.



Ávarp framkvæmdastjóra

Ingólfur Jóhannsson | ingi@kjarnaskogur.is



Verkefni forvera okkar í næstum 95 ára sögu Skógræktarfélags Eyfirðinga gegn um tíðina voru mörg og misjöfn. Má þar á meðal nefna verndun skógarleifa, nýgræðslu skóga, áhrif á hvaða efniviður vex hér og hvernig getum við getum kynbætt hann, tryggja plöntuframboð til útbreiðslu skóga, tryggja velvilja samfélags og hámarka virði skógarafurða. Allt eru þetta verkefni sem glímt hefur verið við í sögu félagsins og er þó mörg önnur verkefni ótalin.

Líðið ár er þar engin undantekning. Hlúa þarf að eldri verkefnum, passa upp á og ávaxta það góða sem gert hefur verið jafnframt því að virkja tíðaranda og feta slóð til framtíðar.

Viðhalds og umhirðuverkefni hverskonar í skógi, úrbætur á aðstöðu félagsins, að tryggja rekstur, verja hagsmuni og sinna félagsstarfi eru líkt og áður stór hluti af starfseminni. Hönnun og gerð leiksvæða, stíga og merkinga, lagning skíðabrauta, fræðsla og yndisviðburðir eru svo dæmi um sýnilegri verk sem vekja athygli í samfélaginu.

Grisjun skóga er mikilvæg. Við erum jú að höndla með lífverur sem verða tuga og hundruða ára gamlar og þurfa sitt rými og vaxtarskilyrði til framtíðar. Það er afar ánægjulegt að geta þess að á árinu voru grisjaðir u.þ.b. 6 ha af skóglendum okkar sem er meira en nokkru sinni fyrr. Útlit er fyrir að við getum haldið áfram á þeirri braut og að viðarafurðir verði æ styrkari stoð undir rekstur félagsins.

Skógarafurðir eru margvíslegar og í hugtakinu skógrækt felst fleira en að gróðursetja tré. Kolefnisbinding er t.d. eitthvað sem fæst okkar drukku í sig með móðurmjólkinni en litar nú allt okkar umhverfi og á unglingsárum óraði okkur fæst fyrir að skógar Íslands gætu framleitt verðmætt byggingatimbur, spýtur voru jú einfaldlega framleiddar í útlöndum.

Notkun skóglenda til útivistar hefur líka stórauðist og lýðheilsa sem af hlýst er nú orðin verðmæt skógarafurð sem merkt er við í samfélagskladdann, t.d. hjá sveitarfélögum. Ég þreystist seint á að vitna til og dást að framsýni fyrrum formanns SE, Árna Jóhannssonar sem reit þessi orð árið 1940 í 10 ára afmælisrit SE þar sem hann veltir fyrir sér framtíð nýgróðursettra plantna í Vaðlareit:

„Vaðlareitargirðing.

Í nánd við Akureyri hafa um langan aldur engir skógar verið.

Þessa vöntun hafa Akureyringar reynt að bæta að nokkru, með ræktun trjáa við hús sín sem er mjög víða, og nú síðari ár með trjáræktarstöð Ræktunarfélags Norðurlands, Lystigarði Akureyrar o fl. En þrátt fyrir þennan tiltölulega mikla og fagra trjágróður, fullnægir hann hvergi nærri skógarþrá bæjarbúa. Fjöldi Akureyringa fer árlega skógarferðir í Vaglaskóg til þess að njóta þar um helgar sumardýrðarinnar undir laufkrónum trjánna.

Þó að leiðin austur í Vaglaskóg geti ekki talist löng, þá er hún þó það löng, að fæstir fara hana gangandi og vegna bratta verða reiðhjól lítið notuð. Þessar ferðir kosta því nokkurt fé og dregur það óefað all mikið úr ferðum þar austur og er það illa farið, því að einn góðviðrisdagur í skógi er meira virði andlega og líkamlega, en að það verði metið til fjár, að minnsta kosti fyrir þá sem á mölinni búa, eða hafa mikla innivist og kyrrsetur.

Ráðið til að bæta úr þessu, að vísu ekki nema að litlu leyti fyrir okkur, sem nú lifum, er að græða upp nýjan skóg, nær okkur, eða flytja Vaglaskóg inn yfir heiðina.

Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur nú hafið slíkan flutning og uppgræðslu"

Hugtakið yndisskógrækt var ekki búið að finna upp á þessum árum. Ég veit ekki hvort Árni gerði sér grein fyrir því þá en þarna eru sett á blað ein fyrstu ummæli á Íslandi um gildi skóga til yndis og lýðheilsu. Við sem nú störfum njótum ríkulega afraksturs starfs hans og samtíðarfólks. Okkar skylda felst í að skila skógunum okkar til framtíðar svo komandi kynslóðir fái áfram notið líkt og við sem byggjum Eyjafjörð í dag gerum svo ríkulega.

Ingólfur Jóhannsson

Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga

Ávarp formanns stjórnar

Sigríður Hrefna Pálsdóttir | stjorn@kjarnaskogur.is



Þegar ég bauð mig fram í stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga árið 2019 dreymdi mig stóra drauma um að efla félagsstarfið og vinna margvíslegum málum framgang. Ég sá fyrir mér bætta útivistaraðstöðu, ekki bara í Kjarnaskóg heldur í öðrum reitum félagsins, að ráðist yrði í meiri grisjun skóganna svo að við fengjum betri skóga, bæði til að fá úr þeim afurðir og til að skógarnir yrðu að enn betri útivistarsvæðum fyrir Eyfirðinga og gesti. Mig langaði að efla félagsstarfið á ýmsan hátt, til dæmis með því að hlúa að landnemareitunum í Saurbæ og á Hálsi og fá þar inn nýtt fólk til nýrra afreka, bæta aðstöðu og gera svæðið enn skemmtilegra. Mig langaði að auka fræðslu og efla upplýsingagjöf til félagsfólks og annarra, til dæmis með nýjum vef fyrir félagið, skipuleggja alls konar viðburði í skógunum, námskeið, skógargöngur og fleira og fleira.

Litið yfir farinn veg

Nú þegar ég lít yfir farinn veg hefur ýmislegt áunnist í mörgum þessara mála og sumstaðar höfum við tekið risastór skref. Hæst ber kannski þegar við efndum til söfnunar fyrir nýjum snjótroðara fyrir Kjarnaskóg sem gekk svo vel að við eigum í sjóði um það bil tíu milljónir sem ætlaðar eru til að bæta húsakost félagsins í Kjarna og koma troðaranum í góða aðstöðu undir þaki. Af öðrum stórum afrekum má nefna að nú er félagið með myndarlegan vef þar sem sækja má margvíslegar upplýsingar um skógana okkar og starfsemina, svo ekki sé nú minnst á alla pistlana sem þar hafa birst, flestir eftir félaga okkar og stjórnarmann, Sigurð Arnarson. Á vefnum má fylgjast með því hvernig skíðasporin eru troðin í skóginum og auðvitað er líka líf á Facebook-síðu félagsins þar sem lifandi tíðindi berast úr daglegu starfi. Mig langar líka að minnst á að við höfum tekið til í félagalistanum og flest félagsfólk þiggur nú rafræn félagsskírteini og rafræn fréttabréf sem hefur frelsað okkur undan því að sleikja frímerki og umslög í stórum stíl. Félagsfólki hefur fjölgað og almenn velvild í garð félagsins hefur líklega aldrei verið meiri. Innheimtu leigugjalda á Hálsi og í Saurbæ hefur verið komið í gott horf og verið tekið til í skráningu þeirra sem hafa reiti á leigu. Í þeirri vinnu losnaði um nokkra reiti og nýtt fólk hefur tekið við sumum þeirra. Við höfum líka fengið styrki til mikilvægra verkefna. Mikilvægir áfangar hafa líka náðst með samningum við fleiri sveitarfélög en Akureyrarbæ um umsjón og umhirðu reita í viðkomandi sveitarfélögum. Við höfum nú samninga við Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhrepp og Dalvíkurbyggð og mikilvægt að við stöndum okkur í stykkinu við að sinna þeim reitum sem þarna um ræðir.

Krefjandi verkefni

Vissulega hafa ekki allir draumar mínir ræst. Verkefni hafa oft verið krefjandi og önnur en ég sá fyrir mér í upphafi stjórnarsetu minnar. Fyrst er að nefna Skógarböðin í Vaðlaskógi og stíginn góða sem þar var ákveðið að leggja gegnum skógin í tengslum við vatnslagnir úr Vaðlaheiðargöngum sem flytja heitt vatn í böðin. Mikil vinna og amstur fór í samningagerð vegna þessara framkvæmda og ansi mikið hefur teygst úr því öllu saman því bæði bættist við hugmynd eigenda Skógarbaðanna um hótélbyggingu auk þess sem aðrir landeigendur sem eiga land undir skóginum hafa viljað sækja rétt sinn og jafnvel rífta samningum sem gerðir voru til allrar framtíðar árið 1936 þegar stofnað var til skógræktar á svæðinu. Þetta hefur kostað bæði mikla vinnu við samningagerð og málaferli sem enn sér ekki fyrir endann á. Öll þessi vinna við að verja rétt Skógræktarfélagsins og verja skóga félagsins hefur tekið mikinn tíma og orku af okkur sem vinnum í sjálfbæravinnu sem stjórnarfolk fyrir félagið um leið og það sker niður framlag til annarra stórra verka og hugmynda sem við óskum okkur að vinna frekar að.

Covid-faraldurinn var vissulega líka nokkuð sem hafði áhrif á starfið á þessum tíma sem ég hef setið í stjórn. Þau áhrif voru reyndar ekki að öllu leyti neikvæð þegar horft er til skógarins. Fólk flyktist út í skóg í samkomubanninu og líklega hefur aðsóknin í Kjarnaskóg aldrei verið meiri en meðan á faraldrinum stóð. Þetta hefur örugglega haft áhrif á viðhorf fólks til skóga og áhuga á málefnum skóga og skógræktar. Við finnum þetta í auknum skilningi á þeim verðmætum sem skógarnir eru fyrir okkur mannfólkið.

Mikilvægi skóga

Kjarnaskogur er ein mikilvægasta lýðheilsuáðstæða okkar hér við Eyjafjörð og raunar nýtur stór hluti þjóðarinnar góðs af skóginum á hverju ári, að hluta til vegna okkar góðu granna sem reka tjaldsvæðið á Hömrum. Þeim fjármunum sem varið er í að reka Kjarnaskóg og tjaldsvæðið á Hömrum er örugglega mjög vel varið og nýtast þannig mjög mörgu fólki vel. Þau verðmæti sem útivera í skógum landsins gefur fólki, ekki síst til andlegrar og líkamlegrar heilsu og vellíðanar, er meira að segja hægt að meta til fjár. Gaman er að segja frá því að nú er að hefjast doktorsverkefni við Háskóla Íslands þar sem doktorsneminn ætlar að meta samfélagslegt gildi og verðmæti trjáa og skóga. Vettvangur rannsóknarinnar verður að miklu leyti hér við Eyjafjörð því hér eru fjölbreyttir skógar í eigu ólíkra aðila, þjóðskógar í eigu ríkisins, bændaskógar og skógar í eigu eða umsjón einstaklinga, félaga og samtaka, líka bæði ungir skógar og rótgrónir, litlir og stórir og hér er að finna allt frá gróskumestu skógræktarskilyrðum landsins upp í



hrjóstrug útnes þar sem birkið nær manni varla í hné. Þá er vert að spyrja: Hvar væri skógrækt við Eyjafjörð stödd án Skógræktarfélags Eyfirðinga?

Naflaskoðun og tímamót

En hvað er framundan? Það er ekki mitt að svara því sem nú læt af stjórnarstörfum eftir 6 ára þjónustu. En draumarnir eru ekki horfnir. Að mínu mati stendur félagið nú á ákveðnum tímamótum. Starfsemin hefur aukist og nú þarf að ákveða hvort skuli hrökkva eða stökkva. Ætlar félagið að hasla sér meiri völl í viðarvinnslu og sölu á afurðum úr skóginum? Ætlar félagið að vera forystuafi í Eyjafirði við grisjun skóga, faglega ráðgjöf framfarir í hvers kyns nýtingu og umhirðu skóga? Ætlar félagið að styrkja tekjugrunninn þannig að hægt verði að fá fleira fólk til starfa?

Ég tel að félagið þurfi að fara í rækilega naflaskoðun og skipuleggja rekstur sinn til framtíðar. Getur verið að starfið við umhirðu skóganna og rekstur þeirra sé orðið svo viðamikilið að skipta þurfi starfi framkvæmdastjóra upp í tvö störf? Er rétt að leggja það á einn starfsmann að sinna fjármálum og rekstri, reikningagerð, innheimtu og áætlanagerð samhliða þeim stórauðnu verkefnum sem felast í sístækkandi útivistarsvæði og auknum skuldbindingum í öðrum reitum? Eða ætti félagið að hafa tvo forystumenn við störf, annars vegar rekstrarstjóra og hins vegar verkstjóra?

Starfsemi félagsins er að mínu mati orðin svo umfangsmikil að nú verður ekki hjá því komist að gera vandaðar áætlanir um hvert starfsár fyrirfram, bæði framkvæmda- og fjárhagsáætlanir, og þessum áætlunum þarf að framfylgja vandlega.

Ég lít stolt yfir farinn veg og tel að ég hafi unnið ýmis afrek sem formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga, jafnvel þótt ekki hafi allir draumarnir ræst. Félag er ekki bara formaðurinn, langt í frá. Með mér hefur unnið gott fólk í góðu samstarfi og ég trúi því að áfram verði öflugt starf hjá félaginu. Sjálf er ég í meistaranámi í skógrækt sem ég vonast til að ljúka á næstu misserum og heima í Reykhúsum er fjölskylduskógurinn sem krefst sífellt meiri athygli eftir því sem trén stækka. Þar erum við byrjuð að grisja og huga að alls kyns umhirðu og möguleikum á ræktun skógarins til framtíðar, bæði sem timburskógar og útivistarskógar. Nú hef ég meiri tíma fyrir þessa þætti. Kjarnaskógur og aðrir reitir félagsins verða mér samt sem áður áfram afskaplega kærir og sömuleiðis félagið sjálft sem ég tel að sé mjög mikilvægt fyrir héraðið.

Ég þakka fyrir mig og óska félaginu bjarrar framtíðar.

Sigríður Hrefna Pálsdóttir

Formaður stjórnar Skógræktarfélags Eyfirðinga





Starfsfólk Skógræktarfélags Eyfirðinga

Hjá Skógræktarfélaginu eru fjögur stöðugildi, þar af þrír fastráðnir starfsmenn en það eru þeir Ingólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri, Bergsveinn Þórsson og Sigurður Ormur Aðalsteinsson sem standa vaktina auk tímastarfsfólks sem sín á milli deilir einu stöðugildi. Þá fyllist skógurinn lífi yfir sumartímann þegar ungmenni úr Vinnuskóla Akureyrarbæjar mæta til vinnu frá miðjum júní fram í ágúst.

Þá býr Skógræktarfélagið vel að góðu fólki sem er boðið og búið að aðstoða eftir þörfum og hleypur í nauðsynleg verk. Þar má nefna Skógarmenn sem mættu til grisjunar en einnig Þverárfeðga sem sinntu lagfæringum og vélavinnu og fleiri öðlinga. Öll eiga þau skilið hrós fyrir vel unna vinnu.



Félagsstarf, viðburðir og helstu verkefni ársins

Hér verður tæpt á hinum ýmsu viðburðum í starfsemi okkar á árinu 2024.

Lagning **göngu- og skíðabrauta** er ríkur þáttur í starfsemi félagsins á veturna. Göngufólk, skíðafólk og hjólafólk hefur í skógarskjólinu notið þeirra um árabíl og skemmtileg ný skógarafurð er sleðabrekkan Hoppsa Bomm á Kjarnatúni sem sem sáð var til í vor. Hún er afar vinsæl af yngri kynslóðinni til snjóbotuiðkunar og mun einnig nýtast til samkomuhalds á sumrin.

Hermannsgangan var haldin í Kjarnaskógi í lok janúar en þar er keppt í hinni göfugu gönguskíðaiþrótt og er hún hluti af Íslandsgöngum skíðafélaga á Íslandi.

Fræðsla hvers konar um skógrækt og tengd málefni er eitt af kjarnamarkmiðum félagsins sem við sinnum af mikilli alúð allan ársins hring. Sigurður Arnarson stjórnarmaður SE skrifar t.d. vikulega pistla á heimasíðu félagsins. Á fagráðstefnu skógræktar sem haldin var í Hofi þann 20. mars 2024 var hann sæmdur Hvatningarverðlaunum skógræktar sem er mikill heiður. Á sömu ráðstefnu kynnti Bergsveinn Þórsson starfsmaður SE nýja kortasjá sem hann hannaði og sýnir merk tré í Eyjafirði, staðsetningu þeirra og sögu.

Ráðstefnugestir heimsóttu okkur svo að sjálfsögðu í Kjarnaskóg, þáðu veitingar og kynntu sér starfsemina sem þar fer fram.

Starfsfólk frá **Slökkviliði Akureyrar** heimsótti okkur í Kjarna í marsmánuði. Stundin var ánægjuleg, SA fræddi starfsfólk SE um eldvarnir í skógi og naut í staðinn kennslu í meðferð keðjusaga.

Í mars var jafnframt undirritaður samningur milli Skóg-ræktarfélags Eyfirðinga og vina okkar hjá Skógarböðunum um **hótelbyggingu í Vaðlareit**. Berum við þá von í brjósti að þar verði til enn ein perlan sem skryðir okkar kæra Vaðlaskóg sem forverar okkar sem nú störfum, lögðu grunn að fyrir næstum 90 árum.

Marsmánuður var drjúgur til góðra verka og þann 23. mars var **aðalfundur félagsins** haldinn í Kjarna, í húsi Náttúrulækningafélagsins. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa flutti Eybór Ingi Jónsson fuglaljósmyndari og merkingarmaður erindi um fugla sem verpa í skógum Eyjafjarðar.



Aprílgaðb félagsins heppnaðist einstaklega vel þetta árið en þó nokkrir lögðu leið sína í Kjarnaskóg eftir að sá kvittur fór á kreik að Karl Bretakonungur ásamt eiginkonu sinni Camillu hefði sést á gönguskíðum rétt hjá grillhúsinu á Birkivelli.

Fulltrúafundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Gunnarsholti á Rangárvöllum í apríl og sótti Ingólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri fundinn fyrir hönd SE. Rædd voru málefni skógræktarfélaganna, fræðsluerindi voru flutt og Ágúst Sigurðsson nýráðinn forstjóri Lands og skógar, LOGS, kynnti áherslur nýrrar stofnunar.

Einn laugardag í apríl voru vinkonur okkar hjá **Andrými** með námskeið á verkstæði Skógræktarfélagsins þar sem þær kenndu ræktun matjurt, grunnnotkun verkfæra og smíði matjurtakassa í anda sjálfbærni og samfélagslegra tengsla milli ólíkra þjóðfélagshópa. Þær stóllur voru einnig með sambærilegan viðburð í samkomurýminu í Kjarnakoti þar sem ilmólur voru viðfangsefnið. Viðburðurinn var vel sóttur

og styður við viðvarandi áherslur félagsins um að efla útivist í skóginum og tengja skógrækt við málefni líðandi stundar.

Um miðjan júní var alhvít jörð í Eyjafirði. Hretið stóð þó ekki lengi og þann 22. júní var haldinn viðburður á vegum félagsins þar sem **landnemastarf félagsins á Hálsi og í Saurbæ** var kynnt. Vignir Sveinsson fyrrum formaður okkar kynnti tilurð og uppbyggingu svæðisins og Sigurður Ormur Aðalsteinsson starfsmaður SE og landnemi á Hálsi leiddi göngu um landnemaspidur fjölskyldu sinnar. Helgi Þórsson kynnti Kamtsjakagróðursetninguna og gróðursetti „Oddvitatréd“ við gamla Hálsbæinn ásamt Hermanní Gunnarssyni, oddvita Eyjafjarðarsveitar til heiðurs Benedíkts Ingimarssonar sem gegndi á sinni tíð stöðu oddvita gamla Saurbæjarhrepps og var lífskúnnstner og jafnframt síðasti ábúandi á Hálsi.



Kjarnaskógur tekur drýgstan hluta af vinnu starfsmanna, þar var unnið að almennri hirðingu, uppbyggingu leiksvæða og sett voru upp átta ný **upplýsingaskilti** svo eitthvað sé nefnt.

Við reynum einnig að sinna öðrum reitum félagsins af bestu getu. Í byrjun júlí fóru allir sem vettlingi gátu valdið inn í **Leyningshóla** þar sem **stígar voru litamerktir** með stikum og upplýsingaskilti endurnýjuð. Með sláttuvélar og keðjusagir að vopni voru svo grasflatir og umhverfi stíga snyrt, sömuleiðis í **Garðsárreit**, **Vaðlareit** og **Hánefsstaðareit** þar sem jafnframt var unnið að stígagerð og endurheimt tjarnar auk þess sem upplýsingaskilti voru endurnýjuð.

Í júlí stóð félagið fyrir **trjágöngu á „neðri brekkunni“** á Akureyri. Trjáþyrstir bæjarbúar nutu þar leiðsagnar bræðranna Bergsveins og Helga Þórssona og var góður rómur gerður að.

Spariskógardaginn héldum við að venju um verslunarmannahelgi í Kjarnaskógi og í tengslum við þann viðburð var haldið fjallahlaup á vegum Súlvur Vertical sem við höfum átt í afar góðu samstarfi við undanfarin ár. Þúsundir lögðu leið sína í skóginn þessa helgi sem var afar ánægjuleg og framkvæmd öll gekk prýðilega.

Í ágúst var undirritaður nýr **styrktarsamningur milli Eyjafjarðarsveitar og SE** og erum við afar þakklát fyrir stuðninginn. Á myndinni handsala Finnur Ingvi Kristjánsson sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar og og Ingólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri SE samninginn í fallega skrudgarðinum á Hrafnagili.

Sveppaganga var haldin á Melgerðismelum um miðjan ágúst undir dyggri stjórn Guðríðar Gyðu sveppafræðings og ritara félagsins. Hátt í hundrað manns nýttu sér fræðslu Gyðu sem svo sannarlega hefur lyft grettistaki á landsvísi við að fræða almenning um undraveröld sveppanna.



Íslandsmót í strandblaki var haldið í Kjarnaskógi í lok ágúst og mátti sjá þar mögnuð tilþrif.

Félag eldri borgara á Akureyri eru dyggir gestir Kjarnaskógar og hefur sú hefð skapast að félagsfólk þeirra ásamt starfsfólki SE geri sér glaðan dag eina morgunstund í lok sumars. Við það tækifæri veitti EBAK okkur styrk til að útbúa setbekki við gönguleiðir. Takk fyrir stuðninginn, nú þegar er búið að koma fyrir tveimur bekkjum, fleiri eru klárir og bíða uppsetningar á vordögum.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Neskaupsstað í lok ágúst. Þar átti SE vaska sveit sem ásamt fulltrúum annarra skógræktarfélaganna unnu að hinum ýmsu framfaramálum í íslenskri skógrækt.

Grisjun skóganna okkar er eitt mikilvægasta verkefnið sem félagið stendur frammi fyrir. Aldrei í sögu skógræktarfélagsins hefur verið grisjað meira, starfsfólk félagsins kemur þar að málum sem og verktakar Tandrabrettis á stórvirkum skógarhöggsvélum sem við fengum til liðs við

okkur í september. Auk þess að skila verðmætu timbri til vinnslu mun grisjunin gera að verkum að skógurinn sem eftir stendur verður verðmætari og getur þroskast til framtíðar.

Á degi íslenskrar náttúru í september startaði Lions-klúbburinn Sif í Eyjafjarðarsveit árlegu landsátaki í birki-fræssöfnun í Reykhúsaskógi. Skemmst er frá að segja að þar söfnuðust u.þ.b. 2 kg af fræjum sem gæti dugað til að framleiða milljón birkiplöntur.

Keðjusagarlistamaðurinn knái frá Tékklandi, **Jírí Cieslar** heimsótti okkur í september. Á undraskömmum tíma skóp hann úr asparbol listaverkið „Skógræktandann“ sem komið verður fyrir í Kjarnaskógi til heiðurs fólkinu sem „bjó til Kjarnaskóg“ og gróðursetti trén sem við njótum skjóls af í dag. Við þökkum Jírí sem jafnframt á reyndar listaverk í Vatikaninu í Róm fyrir alla alúðina sem hann lagði í verkið sem og frábær viðkynni.



Í **Íþróttavíku Evrópu** í lok september stóð félagið fyrir heilsubótargöngu í Grundarreit í Eyjafjarðarsveit. Gangan var yndisleg og göngufólk naut góðs bæði á sál og líkama.

Í október bauð **Sunn, Samtök um náttúruvernd** á Norðurlandi til haustlitagöngu í Kjarnaskógi. Starfsfólk félagsins sinnti þar leiðsögn og fræddi ásamt því að bjóða fjölmörgum göngugestum upp á besta ketilkaffið.

Í vetrarbyrjun heimsóttu félagar í **Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa** í Eyjafjarðarsveit okkur í Garðsárreit. Auk þess að skoða skógin í þaula voru þjóðfélagsmálin að sjálfsögðu rædd sem og möguleikar á samstarfi félaganna.

Sala jólatrjáa og tengdra afurða er mikilvægur liður í starfsemi SE. Í nóvember er sala aðventutrjáa til fyrirtækja og einstaklinga í algleymi, í byrjun desember opnar svo sala á hefðbundnum heimilisjólatrjáum í Kjarna og tvær helgar í desember býðst svo fólki að höggva sitt eigið jólatré í Laugalandsskógi í Þelamörk. Stór hluti af hoggnum jólatrjáum kemur úr okkar eigin skógum en til að halda uppi magni og gæðum þörfumst við aðstoðar og njótum þar jólatrjáabænda sem við kaupum tré af til endursölu.

Jólaball Skógræktarfélagsins er jafnan síðasti viðburður ársins síðasta sunnudag fyrir jól. Um 500 manns heimsóttu okkur á Birkivöll og dönsuðu inn jólin með okkur.



Hvatningarverðlaun skógræktar

Hvatningarverðlaun skógræktar 2024 voru afhent við hátíðlega athöfn á Fagráðstefnu skógræktar, sem haldin var á Akureyri dagana 20.-21. mars 2024 og var þetta í fyrsta sinn sem verðlaunin voru afhent. Verðlaunin eru hér eftir veitt árlega þeim einstaklingi, hópi, fyrirtæki, félagi eða stofnun sem þykir hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi. Markmið með afhendingu þeirra er að hvetja skógræktarfólk til áframhaldandi starfa og vekja athygli á því margþætta góða skógarstarfi sem unnið er að um land allt. Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands (skógarbændur).

Verðlaunahafi Hvatningarverðlauna skógræktar 2024 er stjórnarmaður og pistlahöfundur SE, Sigurður Arnarson. Verðlaunin hlaut Sigurður fyrir skrif fræðandi og áhuga-verðra greina um trjátegundir, skóga og skógrækt, sem

birtar hafa verið á vef Skógræktarfélags Eyfirðinga og víðar. Með því hefur hann stuðlað að aukinni þekkingu fyrir bæði almenning og fólk innan skógræktargeirans. Einnig er hann höfundur bókar um belgjurtir og hefur verið virkur í umræðu um skógartengd málefni.

Fékk Sigurður til eignar forlata viðarskál, sem verðlaunagrip. Til gamans má geta að skálin er gerð úr grisjunarviði af Tré ársins 2006, sem er gráösp í Hafnarfirði. Hér má sjá Sigurð og viðarskálina fallegu. Við erum að sjálfsögðu afar stolt af Sigga og óskum honum til hamingju með verðskuldaðan heiður.



Skógarafurðir og framkvæmdir


Jól 2024

Tíðarfar var þokkalegt alla jólavertíðina. Fram í miðjan nóvember var mjög hlýtt. 13. nóvember gerði hávaðarok og brotnaði talsvert af trjám í skóginum. Svo fór að snjóa um miðjan mánuðinn með talsverðu frosti. Smá hlýindakafli kom um 10. desember og fór þá allur snjór að mestu. Eftir það var veður tíðindalítið.


Jólaundirbúningurinn hófst um mánaðarmót okt./nóv. og voru fyrstu tré höggvin 28. október. Nokkuð var höggvið af trjám fyrstu vikuna í nóvember og tré sett í aðventutrjáakassa en vegna veðurbliðunnar fyrripart nóvember var unnið talsvert í leiksvæðum út í skógi og einnig þurfti að laga talsvert út í skógi vegna roksins sem gerði um miðjan mánuð. Eftir 15. nóv og fram yfir mánaðarmót var svo nánast ekkert gert annað en að græja og keyra út aðventu- og tröpputré. Alls voru seld 166



Skipting milli tegunda



Seld tré



aðventutré og 25 tröpputré sem er heldur minna en í fyrra og þá sérstaklega af tröpputrjánum.

Við felldum alls 449 tré sem er aukning um 139 tré frá síðasta ári. 244 tré voru felld á stór Kjarnaskógar svæðinu, 78 á Miðhálsstöðum, 99 á Laugalandi og 28 á Melgerðismelum. Aðkeypt tré voru 625 sem er fækkun um 83 tré frá því í fyrra. Trén komu frá 10 aðilum á Norður- og Austurlandi.

Jólatrjáasalan hófst fimmtudaginn 5. desember og var opin alla daga frá 10–18 fram til 23. des. Salan var í neðsta gróðurhúsi Sólaskóga sem hentar mjög vel til þessa. Salan gekk vel og í gegnum búðina voru seld 856 tré og í lokin voru 27 tré óseld. Heildarsala var 1.200 tré sem er 80 fleiri

tré en á síðasta ári og munar þar mestu aukna sölu í búð. Sala á greinum og föndri er ekki mikil en er þó nauðsynleg til að lífga upp á búðina auk þess sem hún skilar nokkrum krónum í kassann.

Vel gekk að manna söluna en Ingi, Beggi og Siggí stóðu vaktina allan tímann og um miðjan nóvember kom Matje til starfa. Drengirnir Birkir, Róbert og Pétur komu svo í desember og voru flesta daga í jólatrjáasölunni.

Sala á Laugalandi var góð og þar stóð stjórnarfolk vaktina tvær helgar í desember og seldi 146 tré. Það er gríðarlega gefandi að hitta sömu fjölskyldur ár eftir ár að sækja sér jólatré í skógin og fylgjast með þessari fallegu hefð erfast á milli kynslóða.



Pistlar Skógræktarfélags Eyfirðinga

Tré vikunnar

Eitt af markmiðum Skógræktarfélagsins er að auka þekkingu og áhuga félagsmanna og annarra á skógum, skógrækt og öllu því sem því við kemur. Liður í þeirri viðleitni er að birta pistla um tré og málefnum þeim tengdum á heimasíðu félagsins; kjarnaskogur.is. Finna má alla pistlana undir flípanum „Fróðleiksmolar“.

Til að fróðleikurinn nái til sem flestra höfum við verið í ánægjulegu samstarfi við akureyri.net. Sá miðill birtir í hverri viku útdrátt úr pistlunum og tengil á pistlana í heild á heimasíðu okkar. Að auki birtum við tengla á Facebooksíðu félagsins og reyndar einnig á fleiri heimasíðum. Allt til að vekja athygli á efninu.

Við leggjum metnað okkar í að birta pistla í hverri viku og hefur það orðið að venju að birta þá á hverjum miðvikudegi. Í fyrra tókst okkur það og því urðu pistlarnir 52. Eru þá ónefndir aðrir pistlar sem finna má á heimasíðunni.

Sjá má á heimasíðunni hversu oft hver pistill hefur verið opnaður. Þá kemur í ljós að sá sem sjaldnast var opnaður á árinu 2024 var opnaður 100 sinnum, en sá sem oftast var opnaður (og vonandi lesinn) var opnaður rúmlega 1000 sinnum. Að meðaltali var hver pistill opnaður rúmlega 290 sinnum og alls voru pistlarnir opnaðir rúmlega 15 þúsund sinnum. Til gamans birtum við hér lista yfir þá pistla sem opnaðir voru 400 sinnum eða oftar.

Pistill	Dagsetning	Flettingar
Lífið í skógarmoldinni	28. febrúar	1032
Fyrr og nú við vatnsleiðslu	4. september	810
Skóglaus Kjarni	24. janúar	648
Næfurheggur	12. júní	637
Oddeyrargötuöspin	22. maí	614
Kolefnissugur og endurskinshæfni gróðurlenda	15. maí	530
Afleiðingar hins græna lífstíls	24. júlí	489
Skógarjaðrar	27. mars	483
Skógar á mannlausu Íslandi	2. október	482
Vaðlaskógur á 6. áratugnum	8. maí	476
Mikilvægi Lystigarðsins fyrir lýðheislu	10. apríl	437
Hálogalundir – Barrtrén í Vaðlaskógi sem gróðursett voru á árunum 1937–1939	3. apríl	420
Lífsins tré: Kanadalífviður	6. mars	414

Nýjungar

Við höldum að sjálfsögðu áfram að birta vikulegar greinar um tré. Má kalla þá trjágreinar. Á Facebooksíðu félagsins birtum við annað slagið litla fróðleiksmola sem að jafnaði eru það stuttir að þá má trauðla kalla greinar. Þess vegna köllum við þá kvisti. Þá merkjum við með myllumerkinu **#KvisturSE**.

Sem fyrr reynum við að hafa „trjágreinarnar“ sem fjölbreyttastar. Á meðal nýjunga er pistlaröð um fugla í skóginum og aðra um vatn í skógarauðlindinni. Svo höldum við áfram að skrifa um merk tré, fræga garða, framandi tré, tegundir trjáa og svo framvegis.

Almennir félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar um efni fyrir pistla og reynum við eftir föngum að verða við þeim.

Þakkir

Svona pistlaskrif geta aldrei verið verk eins manns. Þótt stjórnarmaðurinn Sigurður Arnarson sé skráður fyrir flestum pistlanna koma margir að gerð þeirra með því að veita allskonar upplýsingar, myndir og ábendingar. Er þeim hér með þakkað þeirra framlag. Án þeirra yrði þetta þunnur þrettándi. Er á engan hallað þótt framlag Helga Þórssonar í Kristnesi sé sérstaklega nefnt í þessu sambandi. Hugmyndir að mörgum pistlum hafa orðið til við eldhúsborðið í Kristnesi.

Almennir félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar og óskir um efni í pistlana og reynum við eftir föngum að verða við þeim.



Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur:			
Seldar vörur og þjónusta	1	50.348.194	39.250.257
Styrkir og árgjöld	1	35.743.003	34.757.064
Aðrar tekjur	1	12.448.556	3.613.612
Rekstrartekjur alls:		98.539.753	77.620.933
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun.....	2	5.152.414	6.017.927
Laun og launatengd gjöld	2	39.958.958	37.011.453
Aðkeypt þjónusta og verktakavinna.....	3	8.394.699	3.943.428
Annar rekstrarkostnaður	4	17.403.188	18.414.313
Afskriftir	5	7.788.061	8.278.981
Rekstrargjöld alls:		78.697.320	73.666.102
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		19.842.433	3.954.831
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur	6	1.186.149	790.132
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	7	(88.605)	(133.279)
Afdreginn fjármagnstekjuskattur		(950)	(148.854)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) alls:		1.096.594	507.999
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		20.939.027	4.462.830
Óreglulegar tekjur:			
Tap af sölu eigna		0	(280.610)
Framlög vegna snjótroðara		0	(280.610)
Hagnaður (tap) ársins		20.939.027	4.182.220

Efnahagsreikningur

31.12. 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Fastafjármunir:			
Fasteign.....	8	9.091.734	9.299.195
Háls.....	8	0	562.800
Björk	8	228.000	228.000
Hánefsstaðir	8	1.330.000	1.330.000
Bífreið, tæki og áhöld	9	32.712.556	32.179.986
Fastafjármunir alls:		43.362.290	43.599.981
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir		1.000.000	1.000.000
Skammtímakröfur	11	36.857.640	21.797.586
Handbært fé.....	13	37.678.059	30.984.455
Veltufjármunir alls:		75.535.699	53.782.041
Eignir samtals		118.897.989	97.382.022

	Skýr.	2024	2023
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 01.01.		66.269.202	61.952.452
Hagnaður (tap) ársins.....		20.939.027	4.182.220
Eigið fé alls:		87.208.229	66.134.672
Skammtímaskuldir:			
Ýmsar skuldir	15	10.813.994	10.913.994
Viðskiptaskuldir	16	13.916.944	11.896.079
Ógreitt vegna starfsfólks	17	2.223.242	5.608.221
Virðisaukaskattur	18	4.396.304	2.541.440
Skammtímaskuldir.....	19	339.276	287.616
Skammtímaskuldir alls:		31.689.760	31.247.350
Skuldir alls		31.689.760	31.247.350
Skuldir og eigið fé samtals		118.897.989	97.382.022



SKÓGARBÖÐ

geothermal spa

*Einstakar upplifanir
skapa einstakar minningar*

Náttúruparadís við rætur Vaðlaheiðar
einungis 5 mín akstursfjarlægð frá miðbæ Akureyrar

forestlagoon.is